

2. tölublað

46. árgangur

2012

Hugvekja félagsforingja

Komið fagnandi kæru skátar
Kumpánar og mestu mátar
Sátt og sæl í Krýsuvík
Vormótsstemning er engu lík!

Hér er vatnið, buslið og skvettið
Hér er kakó sem yljar og mettir
Hér er kúrt í blómabeði
Hér er tryllt og taumlaus gleði!




Stjörnuspá 9. júní



Vatnsberi: Vaskurinn er ekki vatnasafaríið. Reyndu ekki að rennbleyta þig þegar þú burstar tennurnar.



Fiskur: Hike'ið tók á. Borðaðu staðgóðan hádegisverð og reyndu að safna kröftum fyrir komandi átök.



Hrútur: Láttu ekki egóið frá því í gær stíga þér til höfuðs. Þú ert bara eins og við hin.



Naut: Muuuuu. (djók, það eru bara kindur hér).



Tvíburi: Finndu sólina. Hún er týnd. Ekki samt stökkva fram af bergi ef þú finnur hana hvergi!



Krabbi: Ekki stíga í kúkinn. Þú gætir runnið.



Ljón: Þú heyrðist í þér hrjóta í nótt. Uss, fólk er að reyna að sofa hérna!



Meyja: Naut rennir til þín hýru auga. Er það ást við fyrstu sýn?



Vog: Móri er fyrir aftan þig. Fljót! Náðu honum áður en einhver annar gerir það.



Sporðdreki: Það eru engar rósir án þyrna. Ekki þú heldur.



Bogmaður: Láttu í þér heyra á kvöldvökunni í kvöld. Þú hefur svo fallega rödd.



Steingeit: Mundu að hæla Kristjönu fyrir kakóið.

Sáluhjálparhorn Dr. Móra



Dr. Móri.
Beinir þér
inn á réttan
veg í lífinu.

Kæri dr. Móri

Mig langar svo að það rigni duglega í dag, en það er svo gott veður að ég er hræddur um að ég geti ekkert notað regngallann. Það er ekkert Vormót án rigningar! Hvað á ég að gera?

Kveðja, Einn í vanda.

Kæri Einn í vanda.

Rigningardansinn hefur gefist vel áður, talaðu við Smára í sjúkrahjálparhorninu. Svo er alltaf vatnasafarið eftir hádegi, næg tækifæri til að rennbleyta sig þar. Mundu svo að rigningin í sálinni telst líka með.

Kveðja, dr. Móri

Kæri dr. Móri

Í stjörnuspánni minni í gær stóð að mínir villtustu draumar myndu rætast, en það gerðist bara ekki neitt. Ég veit ekki hvað ég á að gera.

Kveðja, S. Guðnason

Kæri S. Guðnason

Fyrst vil ég hrósa þér fyrir gott dulnefni. Láttu þig dreyma raunsærri drauma. Það er augljóst að þú átt ekki sjéns í mótsstjórnina.

Kveðja, dr. Móri.



Dr. Móri. Sultuslakur
á kantinum

Lekur tjaldið? Er svefnpokinn blautur? Það eru ekki vandamál fyrir dr. Móra. En þjáist þú af sálarangist eða ert í vandræðum með ástina, sendu þá dr. Móra línu í Labbaling (í kakótjaldinu).



**Svipmyndir frá
föstudagskvöldi**



LABBI 2012
Ábyrgðamenn: Móri og Skotta
Prentverk:
Labbaverk – Skýjaborgir

Póstaleikur

Kveikja eld

Staðsetning: Við sviðið

Hefur þig ekki alltaf langað til að kveikja eld án þess að nota hálfan brúsa af grillvökva?

Baka Hike-brauð

Staðsetning: Skýjaborgum

Svangur skáti? Nennir ekki í bakarí? Finndu bakarann í sjálfum þér og bakaðu yfir opnum eldi.

Víkingakubb

Staðsetning: Á túninu

Leystu úr læðingi þinn innri víking... Svo er þetta líka skemmtilegur leikur.

Töfradiskar

Staðsetning: Hjá fánastönginni

Forvitin/n?

Sig

Staðsetning: Í Bæjarfelli

Leyfðu adrenalíninu að streyma um æðar þínar.

Skyndihjálp

Staðsetning: Í sjúkratjaldi

Stundum er gott að kunna eitthvað meira en að setja plástur á meiddið.

Labbi

Staðsetning: Í kakótjaldi

Vilt þú prófa að vera Labbakútur? Hleyptu út rithöfundinum innra með þér.

Skemmtiatriði

Staðsetning: Í tjaldbúð

Rennur leikarablóð um æðar þér?